

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 11. september 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-50/2014

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 27. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefnt álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðgerðar á sæpotu, framkvæmdri af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi telur að viðgerðin hafi verið haldin galla og krefst þess að seljandi bæti úr göllunum sér að kostnaðarlausu.

**II**

**Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar eftir lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt ákvæðum framangreindra laga og reglugerðar geta aðilar kaupa sem greinir á um réttindi og skyldur sínar samkvæmt lögum þessum snúið sér til kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið.

Ágreiningur aðila snýst um kaup á þjónustu, þ.e. viðgerð á sæpotu skv. því sem fram kemur í álitsbeiðni. Eðli sínu samkvæmt ætti ágreiningur aðila að falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup. Hins vegar ná þau lög einvörðungu til þjónustu sem neytendum er veitt, en neytandi er í lögnum skilgreindur svo að átt sé við einstakling sem er kaupandi þjónustu og að kaupin séu ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans. Álitsbeiðandi er einkahlutafélag og getur því að mati kæruneftndarinnar ekki talist neytandi í skilningi framangreindra laga. Falla þannig kaup álitsbeiðanda á umfelgun af seljanda ekki undir þjónustukaupalögin, nr. 42/2000. Þau falla heldur ekki undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup eða lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Af þessum ástæðum verður ágreiningi aðila þessa máls ekki skotið til kæruneftndar lausafjár og þjónustukaupa með ósk um að hún gefi álitsgerð um ágreininginn þar sem hann fellur utan valdsviðs nefndarinnar. Verður kæruneftndin því að vísa álitsbeiðninni frá sér, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

**III**

**Álitsorð**

Álitsbeiðni X, er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir